

stjórninni er í þeim lögum einungis heimilað að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, en fyrirmæli 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947 verða með engu móti talin varða slíkar ráðstafanir.

Af sömu ástæðu geta nefnd fyrirmæli eigi talizt hafa stoð í 5. tl. 12. gr. laga nr. 70/1947, en til skýringar því ákvæði virðist reglugerð nr. 131/1937 vera sett að öðru leyti. Ekki virðast heldur vera nein önnur ákvæði í siðastnefndum lögum, sem veitt geti 6. gr. reglugerðarinnar nægan grundvöll, og eru þá einkum höfð í huga hinar almennu reglur um hlutverk fjárhagsráðs í 2. gr. lagaanna. Rétturinn litur svo á, að fyrirmæli, sem hafa slíkar takmarkanir á atvinnufrelsi í för með sér og margnefnt reglugerðarákvæði, verði að hafa skýra og ótvíræða stoð í lögum, til þess að verða gild metin. Þykir samkvæmt framansögðu refsing eigi verða dæmd fyrir háttsemi, sem fer í bága við ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 131/1947, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 350 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Bjarni Sigurjón Jónsson skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 350 krónur.

Fimmtudaginn 12. febrúar 1948.

Nr. 93/1947. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Elí Bæring Einarssyni

(Hrl. Theódór B. Lindal).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Elí Bæring Einarsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. marz 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 11. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af sakadómara Bergi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 900/1947: Réttvisin gegn Elí Bæring Einarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Elí Bæring Einarssyni verkamanni, Bergstaðastræti 11 hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, til refsingar, sviptingar borgararéttinda, greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. júní 1927 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kær- um og refsingum:

- 1937 $2\frac{3}{8}$ Kærður fyrir þjófnað á peningum
- 1937 febr. Kærður fyrir hnupl á ýmsu dóti
- 1937 $\frac{3}{11}$ Kærður fyrir að hrekkja telpu, áminntur.
- 1938 $2\frac{3}{8}$ Kærður fyrir að hnupla kassa með ljósaperum, ásamt öðrum dreng.
- 1938 $1\frac{4}{10}$ Kærður fyrir strok að heiman; tekinn af lögreglunni eftir 2ja sólarhringa burtveru og fluttur á barnaheimili.
- 1938 $\frac{2}{10}$ Kærður fyrir óknytti.
- 1938 $2\frac{1}{11}$ Áminning fyrir sams konar brot.
- 1938 $1\frac{9}{12}$ Kærður fyrir þjófnað.
- 1939 $\frac{5}{1}$ Kærður fyrir óknytti.
- 1939 $\frac{7}{1}$ Kærður fyrir að strjúka frá Engey og þjófnað.
- 1939 $1\frac{9}{1}$ Kærður fyrir þjófnað á tveimur úrum.
- 1939 $\frac{9}{1}$ Kærður fyrir að hvolfa báti.
- 1939 $1\frac{8}{1}$ Kærður fyrir hnupl á mjólkurflöskum og að fara til Hafnarfjarðar.

- 1939 $\frac{2}{4}\%$ Áminning fyrir boltaleik á götu.
- 1939 $\frac{1}{6}\%$ Uppvís að tilraun til þjófnaðar.
- 1942 $\frac{1}{6}$ Kærður fyrir þjófnað á 80 krónum. Áminntur; skaðabætur greiddar.
- 1943 $\frac{2}{8}\%$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjólí.
- 1943 $\frac{2}{4}\%$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 691.
- 1943 $\frac{2}{4}\%$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1799.
- 1943 $\frac{2}{4}\%$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1637.
- 1943 $\frac{2}{4}\%$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 116.
- 1943 $\frac{3}{4}\%$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1970.
- 1943 $\frac{3}{4}\%$ Kærður fyrir innbrot og þjófnað á peningum o. fl.
- 1943 $\frac{4}{4}\%$ Kærður fyrir þátttöku í stuldi á bifreið R 2477.
- 1943 $\frac{2}{18}\%$ Kærður fyrir þátttöku í stuldi á bifreið R 2128.
- 1943 $\frac{2}{4}\%$ Kærður fyrir stuld á bifreið.
- 1943 $\frac{4}{4}\%$ Tekinn ölvaður á götu.
- 1943 $\frac{7}{4}\%$ Kærður fyrir stuld á bifreið.
- 1943 $\frac{7}{4}\%$ Kærður fyrir þjófnað á 1000 krónum.
- 1943 $\frac{7}{4}\%$ Kærður fyrir innbrot og þjófnað á peningum.
- 1943 í mai. Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi, dags. $\frac{1}{4}$ 1944, að saksókn skyldi falla niður, en ákærði skuli háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá $\frac{1}{4}$ 1944— $\frac{1}{4}$ 1945 og málið skuli tekið upp af nýju, ef ákærði gerist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða óhlýðnast settum fyrirmælum eftirlitsmanns.
- 1944 $\frac{2}{8}\%$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir þjófnað, svik og brot á bifreiðalögum og áfengislögum, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og rétti til þess að öðlast ökuskirteini í eitt ár, frá því hann fær aldur til þess að öðlast það.
1944. $\frac{2}{12}\%$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem á annan hátt hefur upplýstst í málinu, hefur hann gerzt sekur um háttsemi þá, er nú skal greina:

I.

Aðfaranótt 24. júlí s. l. kom ákærði kenndur að Laugavegi 43 hér í bænum og ætlaði að hitta kunningja sinn, Yngva Ólafsson. Fór hann inn í herbergi Yngva í húsinu, og var herbergið ólæst svo og útidyrhurðin. Yngvi svaf í rúmi í herberginu, en menn að nafni Magnús Ólafsson og Jóhann Hans Jónsson, Kambshóli í Svinadal í Borgarfjarðarsýslu, sváfu í öðru rúmi. Buxur Jóhanns lágu á stól í herberginu og sá ákærði, að peningaveskið stóð upp úr vasa á buxunum. Tók hann peningaveskið og tók úr því 155 kr., að því er Jóhann Jónsson hefur borið í málinu, en kærði minnst þess ekki að hafa tekið meira en kr. 100 úr veskinu. Ákærði

hélt síðan út úr húsinu með peningana og eyddi þeim síðan í eigin þarfir.

II.

Í júlímánuði s. l. fór ákærði inn í herbergi Bergmanns Runólfs-sonar á Bergstaðastræti 11 hér í bæ, og opnaði hann herbergið á þann hátt, að hann tók hurðarhún að herbergishurðinni ofan af skáp í forstofunni. Hann hafði skinnfóðraðan (vetrar-)jakka á brott með sér úr herberginu og seldi síðan á 100 kr.

Tveim dögum síðar fór ákærði aftur inn í herbergið og hafði þá bláröndóttan jakka á brott með sér.

Nokkru síðar fór ákærði enn inn í herbergið og tók þaðan útvarpstæki, sem hann seldi síðan Magnúsi Jónssyni, Laugavegi 34 hér í bæ, á 200 kr. Fyrir nokkuð af andvirðinu keypti hann flösku af brennivíni, sem hann drakk á dansleik í Alþýðuhúsinu hér í bæ.

Bergmann Runólfsson, er átti greinda muni, hefur fengið aftur útvarpstækið og bláröndótta jakkann í hendur.

III.

Seinni hluta júnimánaðar s. l. komu þeir Kristinn Malmquist Gunnarsson, Ljósvallagötu 32 hér í bæ, Eyþór Björgvinsson, Hringbraut 39 Akranesi, og Kristbjörn Jónsson, Strandgötu 39 Akureyri, til ákærða, er hann lá veikir í herbergi því, sem hann bjó þá í á Brautarholti 26 hér í bæ. Þeir voru með fullt fangið af peysum, sem þeir lögðu á gólfíð í herberginu, og sögðu þeir honum frá því, að þeir hefðu stolið þeim, sem satt var. Ákærði sagði þeim að fara með peysurnar aftur þangað, sem þeir tóku þær. Það gerðu þeir ekki, en fleygðu þeim inn í súðarskáp í herberginu. Daginn eftir fór Kristbjörn Jónsson á burt með flestar peysurnar. Tveimur eða þremur dögum síðar fóru ákærði og Kristinn Malmquist Gunnarsson með þrjár peysur hvor niður í bæ og ætluðu að selja þær. Ákærði seldi þó ekki neina af peysunum, en gaf eina manni nokkrum. Eina peysu notaði ákærði sjálfur. Hann hefur nú skilað tveimur af hinum þrem peysum.

IV.

Ákærði hefur með töku peninganna, útvarpstækisins og jakkanna gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með því að neyta áfengis á veitingastað hefur hann brotið gegn 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935. Ráðstöfun og notkun ákærða á peysunum, þó að hann vissi, að þær væru stolnar, varðar við 254 gr. hegningarlaganna.

Dykir refsing ákærða, með hliðsjón af 77. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1½ 1940, hæfilega ákveðin, með tilliti til sakaferils hans, fangelsi í 9 mánuði.

Jóhann Hans Jónsson hefur gert 155 kr. skaðabótakröfu á hend-

ur ákærða fyrir töku hans á peningunum. Bergmann Runólfsson 350 kr. skaðabótakröfu á hendur honum fyrir missi skinnfóðraða (vetrar-)jakkans og hreinsun og viðgerð bláröndóttu jakkans og Magnús Jónsson 200 kr. skaðabótakröfu á hendur honum fyrir missi útvarpstækisins.

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfur þessar og verða þær því teknar til greina.

Samkvæmt 38. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Háttsemi Kristins Malmquist Gunnarssonar, Eyþórs Björgvinssonar og Kristbjörns Jónssonar er afgreidd í öðru máli.

D ó m s o r ð :

Ákærði Elí Bæring Einarsson sæti fangelsi í 9 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jóhanni Hans Jónssyni, Kambshóli í Svínadal í Borgarfjarðarsýslu, kr. 155.00, Bergmanni Runólfssyni, Bergstaðastræti 11 hér í bæ, kr. 350.00 og Magnúsi Jónssyni Laugavegi 34 hér í bæ, kr. 200.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. febrúar 1948.

Nr. 108/1947. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Elí Bæring Einarssyni

(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem er lýst í III. kafla héraðsdómsins og var í því fólgið, að ákærði fór að næturþeli inn um opinn glugga til þjófnaðar í íbúð, þar sem fólk var í svefni, varðar við 2. mgr. 244. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Önnur brot